



Byggðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 136/1294
komudagur: 18.3.2009

Dagsetning
18.03.2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, mál 411.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Samkvæmt frumvarpinu er ríkið að taka að sér hlutverk sem það hefur ekki í dag. Byggðastofnun telur að ekki sé hægt að meta áhrif frumvarpsins á þá þætti sem að ofan greinir þ.e. byggð og atvinnulíf, fyrr en ljóst er hvaða fyrirtæki lenda í eigu hlutafélagsins. Hins vegar má ætla að endurskipulagning og sala þessara fyrirtækja geti orðið gagnsærri og samræmdari í félagi sem stofnað væri með þessum hætti, en ef endurskipulagning væri í höndum stjórna einstakra lánastofnana. Lánastofnanir ættu síðan að geta einbeitt sér að bankastarfsemi á viðskiptalegum forsendum. Ef vilji er til þess að hafa hliðsjón af byggðasjónarmiðum ætti það einnig að vera auðveldara hjá slíku félagi, en einstökum lánastofnunum.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði Byggðastofnunar